



EFTIRTALDIR AÐILAR ERU Í FRAMBOÐI TIL STJÓRNAR ARION BANKA Á HLUTHAFAFUNDI BANKANS SEM HALDINN VERÐUR FÖSTUDAGINN 9. ÁGÚST 2019:

Gunnar Sturluson. Gunnar er fæddur árið 1967. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður frambjóðandi. Gunnar hefur ekki sinnt störfum fyrir Arion banka. Gunnar útskrifaðist með Cand.Jur gráðu frá Háskóla Íslands 1992, varð héraðsdómsslögmaður 1993 og Hæstaréttarlögmaður 1999. Þá útskrifaðist Gunnar með meistaragráð í lögum frá Háskólanum í Amsterdam árið 1995. Gunnar starfaði hjá Málflutningsskrifstofunni árin 1992-1999 og varð meðeigandi árið 1995. Hann hefur starfað hjá Logos lögmannsþjónustu frá árinu 2000 þar af sem framkvæmdastjóri 2001-2013. Gunnar var stundakennari í samkeppnisrétti við Lagadeild Háskóla Íslands 1995-2007. Gunnar hefur átt sæti í ýmsum stjórnnum þ.á m. sem stjórnarmaður í Gamma hf. 2017-2019, stjórnarformaður Ríkisútvarpsins ohf. 2016-2017, stjórnarmaður í gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands, forseti FEIF, alþjóðasamtaka Íslandshestafélaga síðan 2014, stjórnarformaður Íslenska dansflokksins 2013-2016 og kjörinn af Alþingi í Landskjörstjórn 2013-2017.

Paul Richard Horner. Paul er fæddur árið 1962. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður frambjóðandi. Paul hefur ekki sinnt störfum fyrir Arion banka. Paul útskrifaðist með meistaragráðu í tónlist frá University of Oxford árið 1983 og er félagi í UK Chartered Institute of Bankers. Paul starfaði hjá Barclays PLC frá árinu 1988 til 2003 við ýmis stjórnunarstörf og áhættustýringu. Árið 2003 hóf Paul störf hjá The Royal Bank of Scotland Group (RBS) þar sem hann sinnti störfum framkvæmdastjóra og öðrum yfirmannsstöðum hjá Royal Bank of Scotland PLC. Paul var jafnframt skipaður í ýmsar stjórnunarstöður m.a. á sviði áhættustýringar til júní 2019. Á árunum 2012 til 2017 gegndi Paul stöðu yfirmanns áhættustýringar hjá Coutts & Co Ltd. og stöðu framkvæmdastjóra Coutts & Co Ltd, Zurich frá 2016 til 2017. Árið 2018 gegndi Paul stöðu framkvæmdastjóra áhættustýringar hjá Ulster Bank DAC, Dublin og er í dag stjórnarmaður í Coutts & Co Ltd í Zurich.

Már Wolfgang Mixa. Már er fæddur árið 1965. Hann er hluthafi í Arion banka en er óháður frambjóðandi. Már hefur ekki sinnt störfum fyrir Arion banka. Már hlaut doktorsgráðu í fjármálum frá Háskólanum í Reykjavík árið 2016. Hann útskrifaðist með MsC gráðu í fjármálum fyrirtækja frá Háskóla Íslands árið 2009 auk þess sem hann lauk BSBA gráðu í fjármálafræðum og BA gráðu í heimspeki frá University of Arizona árið 1994. Már hlaut löggildingu sem verðbréfamiðlari í Bandaríkjunum árið 1994 og á Íslandi árið 2001. Már er Lektor í fjármálum við Háskólann í Reykjavík. Á árunum 1991 til 2009 vann Már hjá Sparisjóðabanka Íslands, NordVest verðbréfum, Verðbréfaþjónustu Sparisjóðsins (VSP), SPH Verðbréfum, Sparisjóða Hafnarfjarðar, Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands. Már er stjórnarmaður í Simple Time ehf. og Simple Investments ehf.